



Read the full book on: [10.1787/growth-2014-en](http://10.1787/growth-2014-en)

## **Endurbætur á efnahagsstefnu árið 2014: Going for Growth bráðabirgðaskýrsla**

### *Útdráttur á íslensku*

„Stefnt að vexti“ kerfið byggir á sérfræðilekkingu OECD á endurbótum á efnahagsstefnu og efnahagslegri frammistöðu sem miðar að því að gefa stefnumótunaraðilum haldbær ráð um endurbætur og eru talin forgangsatríði til að efla hagvöxt. Hjá hverju landi eru skilgreind fimm forgangssvið sem byggð eru á getu þeirra til að bæta líf skjör til lengri tíma með aukinni framleiðni og atvinnu.

Forgangssviðin ná í stórum dráttum yfir reglugerðir um afurða- og vinnumarkaði, menntun og þjálfun, skatta- og bótakerfi, reglur um verslun og fjárfestingu svo og nýsköpunarstefnu. Þessi skýrsla hefur verið gefin út árlega fyrir löndin innan OECD síðan árið 2005 og frá 2011 hefur hún einnig náð til Brasilíu, Kína, Indlands, Indónesíu, Rússlands og Suður-Afríku (BRIICS). „Stefnt að vexti“ skýrslurnar hafa lagt sitt einkum til vinnuáætlunar G20 ríkjanna til að ná fram styrkum, sjálfbærum og jöfnum vexti.

Í þessari bráðabirgðaskýrslu er farið yfir helstu viðfangsefni varðandi vöxt sem OECD-löndin og helstu lönd utan OECD standa frammi fyrir og farið er yfir framfarir síðastliðinna tveggja ára við að innleiða endurbætur á uppbyggingarstefnu (1. kafli). Þetta er skoðað í því ljósi að gerð er greining á þróun á forgangssviðum tiltekinnna landa úr fyrri útgáfum af „Stefnt að vexti“. Væntanleg áhrif endurbóta á stefnumótun á öðrum sviðum en vexti vergrar landsframleiðslu eru einnig rædd og sjónum beint að aðhaldsaðgerðum í fjármálum hins opinbera og hvernig draga má úr ójöfnuði í tekjum.

Í skýrslunni eru einnig uppfærðir vísar OECD um stjórnun á afurðamarkaði (PMR) sem mæla stöðu hindrana eftirlitsyfirvalda gegn samkeppni á ýmsum sviðum viðskipta svo sem netkerfismarkaðsins (orku, fjarskipta og flutninga), þjónustu sérfræðinga og smásöludreifingu (2. kafli). Þessir vísar hafa víða verið teknir í notkun af ríkisstjórnnum svo og alþjóðastofnunum og háskólasamfélaginu.

## **Helstu skilaboð um stefnumótun**

### *Framfarir í stefnumótun og forgangsröðun*

- Kreppan hefur sett sitt mark á væntanlegan vöxt hjá mörgum þróuðum hagkerfum en í sumum vaxandi hagkerfum hafa orðið til flöskuhálsar. Til að snúa aftur á braut heilbrigðs og sjálfbærs vaxtar kallar á áræðni og heildarstefnu í umbótum á atvinnu- og uppbyggingarskilyrðum sem ná til margvíslegra málaflokka.
- Ríkisstjórnir hafa haldið áfram á framfarabraut á mörgum sviðum þrátt fyrir það erfiða viðfangsefni að sinna endurbótum í umhverfi þar sem vöxtur hefur tafist. Framkvæmdahraði á þeim sviðum sem ráðleggingar OECD um stefnumótun fjalla um hefur hægt nokkuð á sér á síðastliðnum tveimur árum en hann er þrátt fyrir það allnokkuð meiri en hraðinn eins og hann var fyrir kreppuna. Krafturinn á bak við endurbæturnar hefur haldist mestur á evrusvæðinu vegna beins þrýstings frá markaði eða áætlunum um fjárhagsaðstoð.
- Þegar fjallað er um umbætur sem miða að því að efla framleiðni hefur meiri áhersla verið lögð á að auka skilvirkni í opinbera geiranum, bæta árangur af menntastefnu og létta á eftirliti á

afurðamarkaði og í minna mæli á skattamál og grunnvirki samfélagsins. Á vinnumarkaði og í félagsmálafélagum hafa umbætur verið kraftmeiri á sviðum eins og til dæmis snemmtæknum eftirlaunum, verkefnum sem snúa að tekjuuppbótum og stuðningi við atvinnuleit og einnig lagasetningu um vinnuverndarmál.

- Þrátt fyrir nýlegar batnandi efnahagshorfur halda ýmis lönd áfram að takast á við vandamál á ýmsum sviðum kerfisskipulags. Allmörg OECD lönd sjá fram á hægari vöxt í framleiðni þrátt fyrir tiltölulega mikla fjárfestingu í hlutafé í þekkingargrunnum og góðri menntun á háskólastigi (Ástralía, Kanada, Nýja Sjáland, Bretland og Sviss).
- Í löndum með vaxandi hagkerfi (Brasilíu, Kína, Síle, Indónesíu, Indlandi, Mexíkó, Rússlandi, Tyrklandi og Suður-Afríku) beinast helstu forgangsatriði í stefnumótun að þörfinni á að bæta aðgengi að menntun af háum gæðum, að takast á við efnislegar og lagalegar hindranir í innviðum samfélagsins og í flestum tilfellum að ráða fleira starfsfólk í störf á formlegum markaði.
- Þráfast atvinnuleysi á háu stigi er áhyggjuefni sem nær til flestra landa í Evrópu en einkum til landa í suður- og mið-Evrópu þar sem langtímatvinnuleysi er mjög hátt, jafnvel þar sem atvinnuleysi að meðaltali hefur dregist saman síðan í kreppunni. Þeir þættir sem þar eiga hlut að máli eru ólíkir eftir löndum en meðal þeirra eru ýmsar hindranir gegn sköpun nýrra atvinnutækifæra og hreyfanleika vinnuafis svo og ófullnægjandi stuðningur við atvinnuleit og starfsþjálfun. Í suðrænum löndum evrusvæðisins sem hafa orðið hvað verst úti í kreppunni myndu öflugri tilraunir til að efla afurðamarkaðinn stuðla að því að efla umtalsvert endurbætur á sviði vinnumarkaðsmála sem hafa verið innleiddar á síðustu árum.
- Í sumum OECD löndum þar sem öldrun íbúanna er mjög hröð, (Þýskaland, Japan og Kórea) er eitt helsta verkefnið að koma fleiri konum út á vinnumarkaðinn og tryggja að þær aflagist honum að fullu, ásamt þörfinni á að efla framleiðni í þjónustugeiranum.
- Í löndum þar sem misrétti í tekjum er sérstaklega mikið ættu stefnumótandi aðgerðir að helst að beinast að því að stuðla að draga úr mismun í tekjum þó þetta kynni að taka allnokkurn tíma. Á hinn bóginn er ólíklegt að aðgerðir sem farið er í til að efla vöxt í þeim löndum sem sjá fram á mestan ójöfnuð í fjármálum hins opinbera muni vera mjög áhrifaríkar við að draga úr þessu misvægi.

#### *Framfarir sem náðst hafa í að draga úr hindrunum eftirlitsaðila gegn samkeppni*

- Eftirlit er nauðsynlegt fyrir afurðamarkaðinn til að markaðshagkerfi í góðu jafnvægi starfi hnökralaust, ekki síst til að vernda heildarvirgni markaðarins en einnig til að ná markmiðum á sviðum umhverfismála, heilbrigðismála og öryggismála. Þó ætti regluverk á öllum heilbrigðum sviðum markaðar þar sem samkeppni er hagkvæm að efla frekar en hindra samkeppni.
- Nánar til tekið merkir þetta að endurbæta þarf reglugerðir sem skapa hindranir gegn virkni markaðarins, takmarka hæfileika fyrirtækja á markaði til að standa í samkeppni, draga úr hvatningu birgja til að stunda samkeppni eða takmarka val og upplýsingar sem standa neytendum til boða.
- Uppfærsla á PMR vísun OECD fyrir 2013 sýnir að endurbætur á þessu sviði hafa dregist saman síðastliðin fimm ár, en þessi tilhneiging hafði þegar gert vart við sig. Þrátt fyrir það hafa ýmis lönd innleitt umtalsverðar endurbætur á síðastliðnum fimm árum - einkum Grikkland, Pólland, Portúgal og Slóvakía.
- Almenn hafa löndin sýnt meiri framfarir á síðastliðnum fimm árum í að draga úr takmörkunum á sölu hlutar ríkisins, í minnka skaðleg áhrif af verðlagseftirliti á samkeppni, sníða mestu agnúana af stjórnvaldsaðgerðum um ný fyrirtæki, bæta aðgengi að upplýsingum um reglugerðir og í að fjarlægja smám saman hefðbundnar aðgerðir sem mismuna erlendum birgjum.
- Hindranir eftirlitsyfirvalda gegn samkeppni eru enn á háu stigi á ýmsum sviðum jafnvel þótt umtalsverðar framfarir hafi orðið síðan á miðjum tíunda áratugnum í að draga úr þeim. Þau svið þar sem mestu möguleikarnir eru á umbótum bæði í OECD-löndum og löndum utan OECD felast meðal annars í almannaeign og stjórn á ríkisfyrirtækjum ásamt hindrunum eftirlitsyfirvalda gegn aðgangi að netkerfum og sérfræðiþjónustu.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**

**Þeir eru fánlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD [www.oecd.org/bookshop](http://www.oecd.org/bookshop)**

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: [rights@oecd.org](mailto:rights@oecd.org) eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)

2 rue André-Pascal, 75116

Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar [www.oecd.org/rights](http://www.oecd.org/rights)



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2014), , OECD Publishing.

doi: 10.1787/growth-2014-en